

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegur 65
800 Selfoss

Reykjavík, 26. janúar 2024
UST202311-086/H.G.
08.00

Efni: Lagalegt álit um starfsleyfi fyrir jarðboranir

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur óskað eftir áliti á hvort starfsleyfi skv. 55. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eigi að vera gefið út á fyrirtæki og þá jarðbora sem fyrirtækið á eða hvort það eigi að vera gefið út fyrir hverja jarðborunar framkvæmd fyrir sig.

Umhverfisstofnun hefur orðið áskynja um misræmi á milli heilbrigðiseftirlitssvæða þegar kemur að útgáfu leyfa fyrir jarðborun skv. 55. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998. Stofnunin telur því mikilvægt að skrifa þetta álit til að veita leiðbeiningar um útgáfu starfsleyfa fyrir jarðborun. Samkvæmt 52. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal Umhverfisstofnun vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits í landinu og koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

Allur atvinnurekstur, sbr. I., II. IV. viðauka laga nr. 7/1998, skal hafa gilt starfsleyfi. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. IV. viðauka laganna en jarðborun er tilgreind í 55. tl. viðaukans. Hugtakið atvinnurekstur er skilgreint í 2. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sem hvers konar starfsemi og framkvæmdir. Í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998 er að finna innihald starfsleyfa, sbr. IV. viðauka en þar kemur m.a. fram að þar eigi að koma staðsetning starfsemi, tegund hennar og stærð.

Starfsleyfi eru gefin út á staðsetningu en starfsleyfisskilyrðin taka meðal annars tillit til nálægð við íbúabyggð eða aðra þjónustu, viðtaka svo sem vatnshlots, náttúru og annarra aðstæðna. Þá segir í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 að allur atvinnurekstur sem sótt er um

starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag en tryggja þarf að staðsetningin sem jarðborunin á að fara fram á sé í samræmi við skipulag. Einnig má benda á að samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er djúpbörðun samkvæmt lið 2.04 tilkynningarskyld framkvæmd en efni umhverfismats er að meta bein og óbein áhrif á umhverfisþætti svo sem íbúa, vatn og loft. Sé framkvæmd matsskyld skal leyfisveitandi kynna sér umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og leggja álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat hennar til grundvallar við töku ákvörðunar um leyfi, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 111/2021. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótþægisgerðir eða vöktun skal það koma fram í leyfinu, sbr. 3. mgr. sama ákvæðis. Undirbúningur ákvarðanatöku miðast því við að meta áhrif á framkvæmdasvæði. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrirhugað framkvæmdasvæði þegar sótt er um leyfi er ekki unnt að leggja mat á þá þætti.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 er þátttaka almennings, umhverfissamtaka og annara hagsmunaaðila tryggð en þar kemur fram að útgefandi starfsleyfis skal auglýsa tillögur að starfsleyfi opinberlega en heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis sætir kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998. Með því að gefa út leyfi á fyrirtæki með þeirri kröfu að það tilkynni um jarðborun er verið að taka fyrir aðkomu almennings, sbr. framangreint. Til frekari rökstuðnings má benda á að ákveðið var að tryggja aðkomu almennings að leyfisveitingarferlinu með því að gera jarðboranir ekki skráningarskyldar heldur starfsleyfisskyldar með fjögurra vikna auglýsingarfrest.

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnsholt uppfylla umhverfismarkmið, skv. 3. kafla laganna sem eru nánar útfærð í vatnaáætlun. Samkvæmt 12. gr. laga um stjórn vatnamála má ástand vatnshlotsins ekki versna og eiga vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum um að minnsta kosti gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflökka í vatnaáætlun. Vöktun vatns vegna starfseminnar skal fara fram í ákvæðum starfsleyfa, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 36/2011.

Að öllu framangreindu virtu telur Umhverfisstofnun að starfsleyfi fyrir jarðborun eigi að vera gefin út á framkvæmdina, þ.e. jarðborununarverkefnið á þeim stað sem það er áformað.

Virðingarfyllt,

Hlín Gísladóttir

Lögfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

Sérfræðingur